

Börkur Sigurbjörnsson

# Ytri mörk sólkerfisins

örsaga



Urban Volcano

# Ytri mörk sólkerfisins


## Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017  
<http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson  
Útgefandi: Urban Volcano

<http://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



## Ytri mörk sólkerfisins

---

„Ég hlustaði á áhugaverðan þátt í útvarpinu í morgun,“ sagði Jóhanna við Daníel þar sem þau sátu í sófanum sötrandi þúrtvín eftir að hafa svæft stelpurnar. „Þáttastjórnandinn fór út á götu og spurði fólk hvernig það myndi bregðast við því að vera boðin einstök ferð aðra leiðina út að ytri mörkum sólkerfisins.“

„Og?“ spurði Daníel án þess að líta upp frá garðræktartímaritinu sem hann var að lesa. „Hvernig brást fólk við?“

„Svörin voru misjöfn,“ svaraði Jóhanna. „Sum voru virkilega gagntekin en sumum fannst hugmyndin hreinlega móðgandi.“

„Ég myndi móðgast,“ sagði Daníel. „Þetta er smekklaus til-  
laga.“

„Ég get ímyndað mér það,“ sagði Jóhanna og starði bros-  
andi út um stofugluggann og á trjáröðina við ytri mörk garðs-  
ins. „Ég tæki slaginn!“

„Hvað þá?“ spurði Daníel, lagði frá sér tímaritið og horfði í  
áttina til Jóhönnu. „Hvað um mig? Stelpurnar? Og rósirnar?“

„Hafðu engar áhyggjur!“ svaraði Jóhanna og mætti augna-  
ráði Daníels. „Það er nóg af einhleypum konum í landinu sem  
myndu glaðar gerast stjúpmæður stelpnanna og rósanna. Ferð  
að ytri mörkum sólkerfisins er hins vegar einstakt tækifæri.“

## Um höfundinn

---

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano